

## **Aðalfundur Suzukitóna foreldrafélags Tónlistarskóla Arnessýslu.**

14. október 2019 kl. 19:30 í sal tónlistarskólans.

### **Dagskrá Aðalfundar:**

- |  |                          |
|--|--------------------------|
| 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara  | 5. Ákvörðun félagsgjalds |
| 2. Skýrsla stjórnar lögð fram            | 6. Kosning stjórnar      |
| 3. Reikningar lagðir fram til samþykktar | 7. Önnur mál             |
| 4. Lagabreytingar                        |                          |

### **Fundargerð**

Aðalstjórn félagsins var mætt og 2 varamenn. Félagsmenn týndust inn og voru alls um 43 með kennurum mættir á fræðslukvöld sem var strax eftir aðalfundinn.

#### **1. Kosning fundarstjóra og fundarritara**

Magnea Gunnarsdóttir var kjörin fundarstjóri og Ingibjörg Jónsdóttir fundarritari.

#### **2. Skýrsla stjórnar lögð fram**

Ritari las skýrslu stjórnar. Hún var borin undir atkvæði og samþykkt með handaupplýftingu.

#### **3. Reikningar lagðir fram til samþykktar**

Félagið er komið með kennitölu og reikningur hefur verið stofnaður. Ekkert fé er komið á reikning félagsins og því engir reikningar lagðir fram.

#### **4. Lagabreytingar.**

Birna las lög félagsins.

Eftirfarandi lagabreytingar voru lagðar til.

„Félagsgjöld skulu innheimt að hausti ár hvert, kl.2000 á hvert heimili.“ Tekið út texti um systkinaafslátt. Annað er óbreytt.

Lagabreyting var samþykkt með handaupplýftingu.

#### **5. Ákvörðun félagsgjalds**

Lagt var til að félagsgjöld yrðu 2000.- á heimili, ekki á barn. Það var samþykkt með handaupplýftingu.

#### **6. Kosning stjórnar**

Stjórn var kjörin til 2 ára í febrúar og situr áfram.

#### **7. Önnur mál.**

Stjórn óskaði eftir að fá tengil úr hverju hljóðfæri. Rakel- Selló. Blokkflauta: Lóa. Gítar: Elva Dögg.

Í hvað á að nota pening, sem safnast í sjóð? Magnea sagði frá skiplagi á samhristingsdegi fyrir alla Suzukikrakka. 26. Október, á laugardegi, fara í Hveragerði, undir Hamrinum, en verið að leita að vilyrði fyrir Hamarshöllinni ef veður verður vont. Byrjað á leikjum og borða svo saman. Almennur skemmtidagur, ekkert spilað. Ætlað fyrir allar Suzukideildir.

Fleiri mál voru ekki rædd.

Fundi slitið kl. 19:57.

Ritari Ingibjörg Jónsdóttir.